

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 11. febrúar 2025

1503002LA ÓG
Málalykill:711

Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Láнасjóðs sveitarfélaga

Aðalfundur Láнасjóðs sveitarfélaga kaus á síðasta aðalfundi tilnefningarnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Tilnefningarnefnd skipa Magnús B. Jónsson, formaður, Rósa Guðbjartsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 20. mars næstkomandi Hilton Reykjavík Nordica. Tilnefningarnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.

Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (www.leidbeiningar.is) að eins miklu leyti og unnt er.

Tilnefningarnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð séu send í síðasta lagi kl 12:00 á hádegi miðvikudaginn 24. febrúar nk. til Magnúsar B. Jónssonar formanns nefndarinnar, mbjorn@simnet.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo tilnefningarnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur tilnefningarnefndar verða birtar á heimasíðu Láнасjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi viku fyrir aðalfund á slóðinni www.lanasjodur.is/tilnefningarnefnd-2025.

Tilnefningarnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. tilnefningarnefndar
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA



Óttar Guðjónsson

